

73  
2. júlí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Að forsætisráðherra hefur tjáð oss, að við framkvæmd á 11. gr. laga nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, hafi komið í ljós að brýna nauðsyn beri til að fulltrúar útgerðarinnar, sem um ræðir í lagagreininni, hafi atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á nauðsynjavörur til útgerðarinnar, svo og skipaviðgerðir.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörur og skipaviðgerðir.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson*

74  
2. júlí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um togarakaup ríkisins.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Með lögum nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945, um togarakaup ríkisins, var ríkisstjórninni veitt heimild til lántöku vegna togarakaupa. Í samningsviðræðum, sem fram hafa farið um lán þetta, hefur komið í ljós, að nauðsynlegt sé að lánsheimild þessi sé orðuð nokkuð á annan veg en gert var. Telur ríkisstjórnin því brýna nauðsyn bera til þess, að sett verði bráðabirgðalög um lántöku þessa í stað tilgreindra laga.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar nr. 33 1944 á þessa leið:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að tíu togara í Bretlandi með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að kr. 32 775 000 eða £ 1 250 000 lán til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu og skal sú veðsetning halda fullu gildi þótt togararnir verði seldir.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og hreppsfélögum, sem kaupa togara þessa, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárstuðnings að álitum ríkisstjórnarinnar.

Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána allt að 1,5 millj. króna.

## 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 50 25. maí 1949, um viðauka við lög nr. 109 31. desember 1945 um togarakaup ríkisins.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Stefán Jóh. Stefánsson.*